

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
101 Reykjavík

Efni: Upplýsingar um framkvæmd umbóta sem áætlaðar voru í Flúðaskóla skólaárið 2016 - 2017 í kjölfar úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytis vorið 2016.

Hér verður farið yfir þá þætti sem eftir var að framfylgja eftir úttekt sem gerð var í vorið 2016 í Flúðaskóla af Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Unnið hefur verið markvisst að því að bæta úr því sem betur mátti fara. Í úttektinni var áhersla lögð á fjóra þætti skólastarfsins, stjórnun, nám og kennslu, innra mat og skólabrag.

Svið I – Stjórnun

Fagleg forysta

Lögð hefur verið áhersla á aukna samvinnu foreldra, nemenda og starfsfólks varðandi ákvarðanatöku og stefnumótun til að efla lýðræðislegt samstarf. Stefnumótunarfundur var haldinn með foreldrum, þar sem m.a. unnið að hugmyndum um samstarf heimilis og skóla, heimanám o.fl. Skólaþing var haldið með nemendum þar sem lögð var áhersla á skólareglur.

Skólastjóri fór yfir verklagsreglur í öllum deildum varðandi starfsmannaviðtöl til að gæta þess að allir starfsmenn fái starfsmannaviðtöl.

Byrjað er að vinna eftir verklagsreglum um skjalastjórnun eftir leiðbeiningum Skjalasafns Árneseinga. Gerð hefur verið starfsáætlun fyrir skólaráð.

Starfsmannafundir eru haldnir, bæði haust og vor.

Allir fundir eru boðaðir með dagskrá og skipulagðir mánuð fram í tímann.

Verið er að meta umbótaáætlun síðasta skólaárs.

Stefnumótun og skipulag

Skólastjóri lagði fram kröfur ráðuneytisins til skólanefndar, vegna 180 kennsludaga. Skólanefnd ákvað að fella niður kennslu á réttardaginn, enda fyrirséð að ekki yrði kennsluhæft á þeim degi, vegna forfalla nemenda. Hefð er fyrir því hjá sveitarfélaginu að gefa öllu sínu starfsfólki leyfi á þessum degi.

Skertir dagar eru nánar útlistaðir í starfsáætlun.

Bekkjarnámskrár eru aðgengilegar á heimasíðu.

Búið er að endurskoða skólanámskrá með tilliti til athugasemda um skerta daga.

Skólastjóri hefur sett fram tillögur vegna kennslutíma á viku á miðstigi. Enn vantar 5 mínútur uppá að viðmiðunarstundarskrá sé fylgt. Það er vegna samræmingar á skólaakstri tveggja sveitarfélaga í dreifbýli.

Aukið hefur verið við val til að ná viðmiðum um að val sé 20% af námstíma unglingastigs. Þeim viðmiðum hefur verið náð í 9. og 10. bekk, en vegna áherslu okkar á nýsköpun og spjaldtölvuvæðingu tekst ekki að uppfylla þetta í 8. bekk.

Reynt er eftir fremsta megni að skipuleggja stundartöflur nemenda þannig að námstími skerðist sem minnst þegar farið er í íþróttir og sund.

Aukið hefur verið vægi list- og verkgreinatíma í unglingadeild, með auknu vali.

Áætlanir um kannanir og skimanir eru birtar í skólanámskrá.

Vinna við endurskoðun skólareglna er hafin í samvinnu við nemendur og foreldra.

Unnið er að áætlun um sérkennslu og stuðning og móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir með hliðsjón að reglugerðum.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku hefur verið gerð.

Fulltrúar nemenda í skólaráði sitja í tvö ár. Skólaráð velur fulltrúa úr grenndarsamfélaginu á fyrsta fundi skólaársins. Fulltrúar í skólaráð eru kosnir á starfsmannafundi, aðalfundi foreldrafélagsins og fulltrúi úr nemendaráði er valinn á fundi ráðsins.

Þegar hefur verið komið á formlegum samskiptum foreldrafélags og stjórnenda með föstum fundum, að lámarki tvisvar sinnum á skólaárinu.

Upplýsingaflæði milli kennara, um nemendur, fer fram á stigsfundum og fundargerðir stigsfunda eru aðgengilegar öllum kennurum.

Heimasíða er í stöðugri uppfærslu.

Svið II – Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Bekkjanámskrár eru birtar í skólanámskrá, bæði á heimasíðu og í Mentor.

Markmið náms eru tengd við hæfniviðmið aðalnámskrár í Mentor. Lögð er áhersla á að sett séu fram sýnileg markmið í öllum kennslustundum og að nemendur vinni í samvinnu við kennara í að setja sér eigin markmið.

Umbótaáætlun, vegna árangurs nemenda í stærðfræði á samræmdum prófum, er í vinnslu.

Upplýsingar um samstarf við framhaldsskóla eru birtar í skólanámskrá.

Umsjónakennarar taka nemendur í regluleg viðtöl varðandi nám og líðan og gerðar eru rafrænar kannanir, bæði skólapúlsinn og kannanir í gegnum Mentor, fyrir foreldraviðtöl.

Náms- og starfsráðgjafi hóf störf við skólann haustið 2016. Hann sinnir einstaklingum, hópum, foreldrum og kennurum.

Samtal um heimanám fór fram á stefnumótunardegi s.l. vor. Í framhaldi af því var sett fram stefna um heimanám í skólanámskrá.

Haldið var málþing með nemendum, þar sem teknar voru fyrir skólareglurnar. Stefnt er á að hafa annað málþing á þessu skólaári og taka þá fyrir nám nemenda.

Unnin hefur verið sameiginleg lestrarstefna leik- og grunnskóla í Hrunamannahreppi. Stefnan er þegar komin í framkvæmd.

Svið III – Innra mat

Sjálfsmatshópur vinnur að matskerfi og áætlun um innra mat, þar sem markvisst er lögð áhersla á alla þætti skólastarfsins. Lögð er áhersla á fjölbreytileika í gagnaöflun. Áætlunin, ásamt markmiðum verður birt í skólanámskrá.

Markmið um innra mat, og árangursviðmið, er birt í gögnum þess.

Skýrslur um innra mat, og umbótaáætlun, verða birtar á heimasíðu.

Svið IV – Skólabragur

Lögð er áhersla á að tengja einkunnarorð skólans við allt skólastarf og að reglulega sé unnið með þau í sem flestum námsgreinum. Einkunnarorðin eru í hávegum höfð á degi gegn einelti.

Markvisst og reglulega eru lagðar fyrir kannanir um líðan og samskipti, á fjölbreyttan hátt. M.a. er rafræn könnun í Mentor lögð fyrir nemendur í janúar. Úrvinnsla úr þessari könnun fer m.a. fram í foreldraviðtölum.

Í lífsleiknitímum er markvisst unnið með að efla samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda.

Skólareglur eru kynntar öllum aðilum í upphafi hvers skólaárs. Foreldrar eru boðaðir á kynningafundi og umsjónakennarar fara í gegnum skólareglurnar með sínum nemendum. Skólareglur og viðurlög eru aðgengileg á heimasíðu skólans.

Guðrún Pétursdóttir
Skólastjóri Flúðaskóla